

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónskáldasjóð Jóns Leifs.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Tónskáldasjóður Jóns Leifs. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík, eða þar sem STEF hefur starfsemi sína á hverjum tíma. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 19/1988 og stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Meginmarkmið sjóðsins er að vinna að framgangi tónlistar Jóns Leifs og halda á lofti nafni hans og ævistarfi. Þetta gerir sjóðurinn með eftirfarandi hætti:

- a. Að styðja við rannsóknir, kynningu, dreifingu og flutning á tónlist Jóns Leifs og efla þekkingu á ævi hans og starfi.
- b. Að veita íslensku tónskáldi verðlaun í nafni Jóns Leifs fyrir tónverk í stóru formi sem að mati sjóðstjórnar ber vott um frumleika og einstakan listrænan metnað og má ætla að hafi marktæka þýðingu í íslenskum tónskáldskap.

3. gr.

Tónskáldasjóður Jóns Leifs er stofnaður að frumkvæði STEFs og Tónskáldafélags Íslands. Með stofnun hans er leitast við að verða við þeirri ósk Jóns Leifs sem fram kemur í erfðaskrá hans frá 1964 með síðari breytingum en þar kemur fram að það sé hans vilji að höfundarétti hans og arði af honum verði ráðstafað til að styðja við opinberan flutning og útbreiðslu verka hans.

Leifr Leifs, einkaerfingi Jóns Leifs, lést árið 2022 og lét ekki eftir sig neina lögerfingja. Runnu eignir Leifs Leifs og þ.m.t. höfundaréttur Jóns Leifs því til ríkissjóðs. Liggur nú fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra ásamt menningar- og viðskiptaráðherra hafa lýst yfir stuðningi við stofnun sjóðsins og að arfur Leifs Leifs og þ.m.t. höfundaréttur Jóns Leifs muni renna til sjóðsins. Vegna þessa er dánarbú Leifs Leifs einnig stofnaðili að sjóðnum.

Í samræmi við ofangreint eru stofnendur sjóðsins:

STEF, kt. 620269-5739

Tónskáldafélag Íslands, kt. 660269-0889

Dánarbú Leifs Leifs, kt. 050457-3979.

og greiða stofnendur stofnfé á eftirfarandi hátt:

STEF kr. 100.000

Tónskáldafélag Íslands kr. 100.000

Dánarbú Leifs Leifs kr. 10.000.000

Stofnfé samtals kr. 10.200.000

4. gr.

Aðrar tekjur sjóðsins eru arfur Leifs Leifs sem ríkissjóður mun ánafna sjóðnum við slit dánarbúsins ásamt tekjum af höfundarétti Jóns Leifs, á meðan verk hans njóta höfundaverndar, en sjóðurinn mun einnig fara með ráðstöfunarrétt höfundaréttarins.

Tekjur sjóðsins eru enn fremur vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast.

Sjóðurinn veitir einnig viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög leggja fram. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá í vörslu stjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu eigna sjóðsins en henni er þó heimilt að semja við viðurkennda fjármálastofnun um að annast fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins.

STEF leggur til skrifstofuaðstöðu og fundaraðstöðu fyrir sjóðinn auk þess að annast umsýslu hans, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar þrír einstaklingar sem hver er skipaður til þriggja ára í senn.

Tónskáldafélag Íslands skipar einn aðila og skal hann vera formaður stjórnar. Listaháskóli Íslands skipar einn mann úr röðum akademískra starfsmanna á sviði tónlistar. Þá tilnefnir Sinfóníuhljómsveit Íslands einn fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef þessir aðilar er skipa í stjórn verða af einhverjum ástæðum ekki lengur til, skal leita til aðila er tekið hafa við starfsemi þeirra eða ef því er ekki til að dreifa, þá til þeirra aðila sem líkasta starfsemi hafa og þessir aðilar. Stjórn sjóðsins skal tilkynna sjóðaskrá sýslumanns um það hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins sbr. lög nr. 19/1988. Stjórnarmenn skulu þannig vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Missi þeir hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun fjármuna og verðlaunaveitingar, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna. Fundargerðir sjóðstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstaka gerðabók. Verði stjórnarmaður vanhæfur samkvæmt reglum stjórnsýsluréttar skal hann víkja sæti úr stjórn meðan fjallað er um málefnið sem olli vanhæfi hans.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur tekið við umsóknum án auglýsingar um styrkveitingar til rannsókna, kynningar, dreifingar og flutnings á tónlist Jóns Leifs og tekur afstöðu til þeirra á grundvelli mats á styrk umsókna og hæfi umsækjenda. Stjórnin getur einnig haft frumkvæði að verkefnum sem hún telur að geti þjónað markmiðum sjóðsins hvað varðar tónlist Jóns. Þá getur stjórn einnig ákveðið að auglýsa eftir styrkumsóknum eða tillögum um verðlaunahafa, sbr. 8. gr. Stjórnin setur nánari reglur um verkefni og styrkveitingar í starfsreglum sínum.

8. gr.

Tónskáldaverðlaun Jóns Leifs skulu veitt árlega eða annað hvert ár eftir aðstæðum sjóðsins. Um er að ræða verðlaun sem fylgir peningaupphæð sem að jafngildi má meta til andvirðis pöntunar á veglegu hljómsveitarverki. Stjórnin getur tekið við skriflegum, rökstuddum tillögum um verðlaunahafa frá utanaðkomandi einstaklingum, en að öðru leyti sækir stjórnin ráðgjöf sína til fræðimanna og listráðgjafa sem hún getur falið einstök verkefni hverju sinni. Stjórnin ber alfarið ábyrgð á vali tónverks og höfundar. Stjórnin setur nánari reglur um val á tónverki og verðlaunahafa og hvernig staðið verður að úthlutun verðlaunanna.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár fyrir 1. júní ár hvert í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994. Getur stjórn falið STEFi að annast bókhald sjóðsins. Skal ársreikningur vera endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin kys. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundum til samþykktar.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 31. ágúst ár hvert senda sýslumanni undirritaðan reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur með einróma samþykki sínu breytt ákvæðum skipulagsskrár þessarar, öðrum en 2. gr. en til að breyta henni þarf samþykki tveggja stjórnarfunda. Breytingar skulu hljóta staðfestingu sýslumanns.

Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóð þennan niður og skal þá eignum hans ráðstafað á þann hátt sem að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari í samræmi við lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 19. febrúar 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.